

Varnarmálaskrifstofa
Hrund Hafsteinsdóttir
Rauðarárstíg 25
105 Reykjavík

2001060028
9710; 9310

Reykjavík, 30. nóvember 2001
/--

Efni: Geymsla og meðhöndlun jarðvegs á Dye-5 svæðinu á Stafnesi, varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, og nýting mengaðs jarðvegs á eldri urðunarstað Varnarliðsins á Stafnesi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins dags. 12. júní 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um geymslu og meðhöndlun jarðvegs á Dye-5 svæðinu á Stafnesi, varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins.

Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 25. september 2001, Hollustuvernd ríkisins með bréfum dags. 24. júlí, 12. október og 5. nóvember 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 2 október 2001.

Greinargerð um frágang urðunarsvæðisins á Stafnesi (Dye-5 Stafnes Landfill Closure Feasibility Study. Final Report. July 2001. Stuðull, Environmental and Geological Services) barst Skipulagsstofnun 14. nóvember 2001 frá framkvæmdaraðila. Ennfremur bárust svör frá framkvæmdaraðila við umsögn Hollustuverndar ríkisins með bréfi dags. 26. nóvember 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða meðhöndlun og geymslu mengaðs jarðvegs á Dye-5 svæðinu á Stafnesi og nýtingu mengaðs jarðvegs á eldri urðunarstað Varnarliðsins á Stafnesi. Eldri urðunarstaðurinn á Stafnesi hefur verið í notkun í um 20 ár án starfsleyfis en til stendur að leggja hann af. Þar hefur verið urðað mikið magn botn- og flugösku frá núverandi brennslustöð, brotajárns og óvirks úrgangs og heimilissorps.

Jarðvegurinn sem um ræðir kemur til vegna hreinsunar svonefnds Nikkel-svæðis innan varnarsvæðisins við þéttbýlið í Reykjanesbæ. Gert er ráð fyrir að flytja 50 þús. m³ af menguðum jarðvegi af Nikkel-svæðinu til geymslu og meðhöndlunar á Dye-5 svæðinu og síðar flytja hluta hans þaðan til nýtingar á eldri urðunarstað Varnarliðsins á Stafnesi.

Mengunin í þeim jarðvegi sem um ræðir er þrenns konar: PCB mengun, sem talin er óveruleg og staðbundin, blýmengun í yfirborðslögum og olíumengun neðar í jarðveginum. Fyrirhugað er að fjarlægja PCB mengaðan jarðveg og senda hann til eyðingar til Danmerkur. Blýmengaður jarðvegur, um 16 þús m³, verður fyrst um sinn notaður undir mön með olíumenguðum jarðvegi á Dye-5 svæðinu en að verður síðar notaður sem fyllingarefni í eldri urðunarstað varnarliðsins á Stafnesi. Olíumengaður jarðvegur, um 32,5 þús m³, verður geymdur og meðhöndlaður á mön sem staðsett verður á Dye-5 svæðinu og síðar notaður sem fyllingarefni á eldri urðunarstað að meðhöndlun lokinni.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé um nein vatnsból að ræða á svæðinu og umferð manna um svæðið sé lítil.

Fram kemur það álit framkvæmdaraðila að ekki sé ástæða til að ætla að meðhöndlun á jarðvegi af Nikkel svæði hafi umtalsverð áhrif á umhverfi á Dye-5 svæðinu.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að ekki sé ástæða til þess að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram að geymsla og meðhöndlun mengaðs jarðvegs á Dye-5 svæðinu falli utan gildissviðs laga um mat á umhverfisáhrifum og sé því ekki matsskyld.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins dags. 5. nóvember 2001 kemur fram að förgun á menguðum jarðvegi falli undir lið 11 b í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Hollustuvernd ríkisins leggur til að leyft verði að nota mengaðan jarðveg eins og lýst er í skýrslunni við lokun urðunarstaðarins þó svo að slík framkvæmd sé alla jafna matsskyld.

Skilgreiningar

Förgun. Í umsögnum Hollustuverndar ríkisins kemur fram það álit að um sé að ræða förgun á menguðum jarðvegi þar sem ekki sé gert ráð fyrir neinni meðhöndlun á blýmengaða jarðveginum. Fram kemur að í 3. gr. reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang komi eftirfarandi fram: "Förgun er aðferð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og komið fyrir varanlega, sjá nánar aðferðir í 4. viðauka reglugerðar nr. 810/1999 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang." Fram kemur það mat Hollustuverndar ríkisins að framkvæmdin falli undir lið D13 í 4. viðauka reglugerðar nr. 810/1999, en þar kemur eftirfarandi fram: "Blöndun áður en gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum D 1 til D 12."

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram að á Dye-5 svæðinu standi ekki til að

beita neinum þeirra aðferða sem fram komi á lista yfir förgunaraðgerðir fyrir úrgang í 4. viðauka reglugerðar nr. 810/1999 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Í ljósi umsagnar Hollustuverndar ríkisins dags. 24. júlí 2001 er bent á í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja að samkvæmt erindi Varnarmálaskrifstofu standi til að nota jarðveginn á urðunarstað Varnarliðsins að meðhöndlun lokinni. Þar með verði jarðveginum ekki fargað, sbr. lista yfir förgunaraðgerðir í liðum D1-D12 í 4. viðauka reglugerðar nr. 810/1999 sem Hollustuvernd vísi til í umsögn sinni. Um verði að ræða raunverulega nýtingu jarðvegsins þar sem að öðrum kosti yrði að nota annan jarðveg til verkefnisins. Því geti Dye-5 svæðið ekki talist förgunarstöð.

Móttökustöð. Í umsögn Hollustuverndar ríkisins dags. 24. júlí 2001 kemur fram að geymsla og meðhöndlun jarðvegs sem hér um ræði muni fara fram á svæði sem teljist móttökustöð samkvæmt skilgreiningum í 3. gr. reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang. Þar segi m.a.: "Móttökustöð er staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangur til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum."

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram það álit að fremur sé um að ræða móttökustöð en förgunarstöð og framkvæmdin teljist á þeim forsendum ekki matsskyld.

Frágangur eldra urðunarsvæðis á Stafnesi.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins dags. 5. nóvember 2001 er fjallað um valkosti til frágangs á eldra urðunarsvæði Varnarliðsins á Stafnesi. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er fjallað um 3 megináðferðir til frágangs svæðisins sem allar eigi það sameiginlegt að gert sé ráð fyrir söfnunarkerfi fyrir sigvatn og fyllingarlagi sem sett verði ofan á úrganginn til að koma í veg fyrir frostlyftingu hans. Valkostur 1 byggir á lokun svæðisins í samræmi við bandarískar kröfur, valkostur 2 taki mið af íslenskum kröfum en svonefnd Appendix G-leið fjalli um aðra aðferð þar sem lágmarks útskolun sé höfð að leiðarljósi. Í umsögn sinni fellst Hollustuvernd ríkisins á að svonefnd Appendix-G leið verði notuð við frágang eldra urðunarsvæðis á Stafnesi en sett verði upp vöktunaráætlun og rannsakað betur hvaða þéttiefni henti best við íslenskar aðstæður.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að Varnarmálaskrifstofa geri ekki athugasemd við að svonefnd leið Appendix G verði farin við frágang urðunarsvæðisins samhliða nánari úrræðum sem lýst sé í umsögn Hollustuverndar ríkisins.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða meðhöndlun og geymslu 50 þús. m³ mengaðs jarðvegs á Dye-5 svæðinu á Stafnesi, varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli og nýtingu mengaðs jarðvegs á eldri urðunarstað Varnarliðsins á Stafnesi.

Meðhöndlun og geymsla mengaðs jarðvegs á Dye-5 svæðinu á Stafnesi

Hvað varðar flutning jarðvegs frá Nikkelsvæði til meðhöndlunar og geymslu á Dye-5 svæðinu bendir Skipulagsstofnun á að listi yfir matsskyldar eða tilkynningaskyldar framkvæmdir til

úrgangsmeðhöndlunar eða -förgunar í viðaukum 1 og 2 í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum nær eingöngu til förgunarstöðva en ekki þeirra sem teljist móttökustöðvar samkvæmt ákvæðum reglugerðar um úrgang. Ef eingöngu er horft til þess hluta framkvæmdar sem felst í meðhöndlun og geymslu jarðvegs á Dye-5 svæðinu samkvæmt þeirri tilhögun sem framkvæmdaraðili hefur kynnt, telur Skipulagsstofnun þar ekki vera um að ræða förgunarstöð samkvæmt reglugerðum nr. 805/1999 um úrgang og nr. 810/1999 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Skipulagsstofnun telur því að flutningur 50 þús. m³ mengaðs jarðvegs af Nikkelsvæði til geymslu og meðhöndlunar á Dye-5 svæðinu falli ekki undir 1. og 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Því telur stofnunin að ákvæði 6. gr. laganna eigi ekki við þennan hluta framkvæmdarinnar sem hér um ræðir.

Förgun eða nýting mengaðs jarðvegs á eldra urðunarsvæði á Stafnesi

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að eftir geymslu á Dye-5 svæðinu sé fyrirhugað að flytja jarðveginn áfram til nýtingar við frágang á eldra urðunarsvæðis á Stafnesi. Í framlögðum gögnum kemur fram að eldri urðunarstaður Varnarliðsins á Stafnesi hafi verið starfræktur um árabil en hafi þó ekki starfsleyfi. Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt 13 tl. a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum séu allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir samkvæmt 1. og 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu. Förgunarstöðvar til meðhöndlunar, brennslu eða urðunar úrgangs falla almennt undir 12. tl. 1. viðauka eða 11. tl. b í 2. viðauka laga nr. 106/2000, en þar sem eldri urðunarstaður á Stafnesi er starfræktur þegar framkvæmd er tilkynnt telur Skipulagsstofnun fyrirhugaða nýtingu mengaðs jarðvegs á því svæði falla undir fyrrnefndan 13 tl. a í 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdaraðili hefur lagt til þrjá hugsanlega valkosti á frágangi eldra urðunarsvæðis á Stafnesi. Í ljósi umsagnar Hollustuverndar ríkisins og svara framkvæmdaraðila við henni telur Skipulagsstofnun svonefnda leið Appendix G til frágangs á urðunarsvæðinu, eins og henni er lýst í framlagðri skýrslu framkvæmdaraðila um frágang svæðisins, ekki líklega til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og því skuli hún ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að geymsla og meðhöndlun 50 þús. m³ mengaðs jarðvegs á Dye-5 svæðinu á Stafnesi, varnarsvæðinu á Keflavíkurlflugvelli, ásamt nýtingu jarðvegsins til frágangs á eldra urðunarsvæði Varnarliðsins á Stafnesi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar byggir á því að valin verði svonefnd leið Appendix G til frágangs á eldra urðunarsvæði og haft samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Hollustuvernd ríkisins við tilhögun framkvæmda við frágang svæðisins.

Fyrirhuguð meðhöndlun á menguðum jarðvegi á Dye-5 svæðinu er háð framkvæmdaleyfi

sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998. Leita þarf meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis þar sem ekki liggur fyrir skipulag af svæðinu, sbr. 3. tl bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 28. desember 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Hollustuvernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins.